



Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Gunnarsholti, 18. janúar 2010


Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Landgræðslu ríkisins vill með bréfi þessu koma á framfæri ábendingum til sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, sem einnig varða tillögu að aðalskipulagi hreppsins 2009-2025, til viðbótar og áréttingar áðursendri umsögn stofnunarinnar frá 07.07.2009.

Undirritaður ítrekar næstsíðustu málsgrein fyrrnefndar umsagnar, en þar segir: „Undirritaðir vilja áréttta að landbrot af völdum sjávar við Vík og sívaxandi hættu af sandfoki sem því fylgir er að okkar mati stærsta og þýðingarmesta verkefnið sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps og íbúar verða að takast á við nú þegar“.

Enn á ný skal af gefnu tilefni ítrekað hversu brýnt það er við hönnun og staðsetningu fyrirhugaðs sjóvarnargarðs framan við Víkurkauptún að gefa sandfoksvörnum framan við flóðgarðinn eins mikið svigrúm og nokkur kostur er. Það er mat Landgræðslu ríkisins að afar brýnt sé að sjóvarnargarðurinn verði staðsettur eins langt sunnan við flóðgarðinn eins og unnt er. Því aðeins er enn von til þess að nægjanlegt rými fáiast fyrir sandfoksvarnir til að verja byggðina fyrir alvarlegu sandfoki og ágangi sands inn í byggðina.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

Ljósrit sent:
Siglingastofnun Íslands.